

fjártryggingu, getur tollyfirvald framlengt frest þann, sem ákveðinn er í 1. gr. þannig að hann nemi allt að tveim mánuðum frá setningu tryggingarinnar.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1969.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 63 frá 31. maí 1968, um tollskrá o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið 26. febrúar 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

27. febrúar 1969.

Nr. 39.

AUGLÝSING

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum allt að 200 brúttórúmllestum að stærð eru bannaðar botnvörpuveiðar til 30. apríl 1969 á svæðum, sem takmarkast af línunum, sem hugsast dregnar þannig:

1. Að austan hugsast lína dregin í réttvísandi suður frá Þjórsárós í punkt 63° 34' N og 20° 48' V þaðan beint í réttvísandi vestur í punkt 63° 34' N og 21° 26' V. Síðan í vesturátt samhliða fiskveiðilandhelgislínunni að línu er hugsast dregin í réttvísandi 213° frá Reykjanesvita. Þó skal skipum, sem um getur í 1. mgr. heimilt að veiða innan þessara marka, á svæði er takmarkast af lengdarbaugunum 21° 57' V og 22° 32' V og 3 sjómilur út frá ströndinni.

2. Að norðan hugsast lína dregin í réttvísandi vestur (270°) frá Garðskaga. Að sunnan hugsast lína dregin í réttvísandi 259° frá Stafnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.

3. Frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í punkt 63° 54'8 N og 23° 26' V og þaðan í réttvísandi 259°. Frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í réttvísandi 90° í punkt 63° 40'6 N og 22° 55' V og þaðan í réttvísandi 213°. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.

Enn fremur eru skipum bannaðar netaveiðar á svæði því, sem um ræðir í 3. tölulið þessarar greinar til 20. marz 1969.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki falla undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til 100 000.00

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvöpu með síðari breytingum sbr. reglugerð nr. 304 20.

desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld 2. gr. auglýsingar nr. 40 5. febrúar 1963 með síðari breytingum, um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetjum.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967, sbr. auglýsingu um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 332 9. desember 1968.

1. gr.

Eftirtaldir liðir gjaldskrárinnar hækka um 20% :

A-liður 1. gr., 2. gr., A-liður 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr. og A-liður 7. gr.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir, nr. 24 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1969.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

1. gr.

Gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 skal innheimt við tollafgreiðslu. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn, að undanskildum almenningsbifreiðum skv. nr. 87.02.20 í tollskrá, sjúkra-, bruna- og snjóbifreiðum, svo og bifreiðum, sem eru hvort tveggja lögreglu- og sjúkrabifreiðar, samkv. nr. 87.02.38 í tollskrá.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 60% af fob-verði eða eftir atvikum matsverði bifreiða, án tillits til þess, hvort bifreiðin er notuð eða ný, öðrum en jeppabifreiðum skv. nr. 87.02.37 í tollskrá, en af þeim skal greiða 15% gjald. Gjald af bifhjólum er á sama hátt ákveðið 15% af fob-verði.